

## Framboð til tilnefningarnefndar

### **Álfheiður Eva Óladóttir**

Álfheiður hefur starfað hjá sem stjórnunarráðgjafi og framkvæmdastjóri hjá Skilvirk, frá árinu 2020. Álfheiður er með M.Sc. í stjórnun og stefnumótun og B.A. í sálfræði. Álfheiður er ennfremur viðurkenndur sérfræðingur á sviði vinnuverndar og hefur sótt grunn- og framhaldsnámskeið í meðferðardáleiðslu. Áður starfaði hún sem stundakennari við Háskólann á Bifröst, kennari og meðferðaraðili á sviði klínískrar dáleiðslu, sem mannauðsstjóri hjá Flensborgarskóla og sem verkefnastjóri hjá Norðlingaskóla og Pennanum.

Álfheiður á ekki hlut í SKEL. Hún telst óháð félaginu, daglegum stjórnendum þess og stórum hluthöfum í félaginu, samkvæmt skilgreiningu í leiðbeiningum Ví o.fl. um góða stjórnarhætti.

### **Almar Þór Möller**

Almar hefur starfað sem lögmaður á Mörkinni lögmannsstofu hf. frá árinu 2009 og er einn eigenda stofunnar. Í störfum sínum hefur hann sinnt fjölbreyttum verkefnum, m.a. á sviði fyrirtækjaráðgjafar. Almar hefur málflutningsréttindi fyrir héraðsdómsstólum og Landsrétti.

Almar á ekki hluti í SKEL. Hann telst óháður félaginu, daglegum stjórnendum þess og stórum hluthöfum í félaginu, samkvæmt skilgreiningu í leiðbeiningum Ví o.fl. um góða stjórnarhætti.